Ráðstefna um Suðurskautslandið út um þúfur

Sovétmenn og Japanir vilja veiða meira krill

31/7 — Tveggja vikna ráðstefnu um Suðurskautslandið er lokið í Buenos Aires, höfuðborg Argentínu, án þess að teljandi samkomulag næðist. Mikill ágreiningur var milli þeirra ríkja annarvegar, sem gera tilkall til yfirráða á Suðurskautslandinu, og hinsvegar þeirra sem mest veiða í höfunum þar í kring.

Ráðstefnunni var ætlað að ganga frá áætlun um varðveislu lífríkis Suðurskautslandsins, og sendu 13 ríki þangað fulltrúa. Sjö ríki, sem gera tilkall til yfirráða á Suðurskautslandi, beittu sér fyrir því að samþykktar yrðu reglur með það fyrir augum, að koma í veg fyrir ofveiðar, og yrði þar miðað við alþjóðasamninga um hvalveiðar. Ríki þessi eru Bretland, Ástralía, Nýja-Sjáland, Noregur, Frakkland, Chile og Argentína.

En helstu fiskveiðiríkin, þar á meðal Sovétríkin, Japan og Pólland héldu því fram, að veiðar þeirra í suðurskautshöfum væru ekki svo miklar að ástæða væri til að hafa stórar áhyggjur af þeim. Mikið vær rætt um örlitla rækjutegund, sem kölluð er norska heitinu krill, en af henni er gríðarmikið magn í hinum kalda suðurskautssjó. Smákvikindi þetta er ekki einungis aðalfæða hvala, mörgæsa, sela og fleiri dýra, heldur mikilvægur liður í því umhverfiskerfi jarðarinnar, sem sér okkur fyrir lífslofti. Bandarískir vísindamenn telja að krillmagnið í suðurskautshöfum sé 500 til 1000 miljónir smálesta og sovéskir allt að 5000 miljónum smálesta.

Ástralskir og argentínskir vísindamenn hafa haldið því fram, að með því að veiða sjötíu miljónir smálesta af krilli árlega mætti sjá þriðjungi mannkynsins fyrir nauðsynlegustu eggjahvítuefnum. En ríki, sem vilja takmarkanir á veiðum, segja að svo miklar krillveiðar myndu raska umhverfisjafnvægi jarðarinnar.

Sovéskir, japanskir og pólskir vísindamenn segja aftur á móti að maðurinn hafi þegar raskað umhverfisjafnvægi heimsins með því að eyða hvalastofnunum að miklu leyti. Hver hvalur étur að meðaltali fjórar til átta smálestir af krilli daglega, og vegna hvalafæðarinnar fjölgi krillinu nú gríðarlega svo að það sé farið að verða umhverfisvandamál. Talið er að bæði Sovétmenn og Japanir hyggi á auknar krillveiðar á næsta ári.



Margrét Reykdal sýnir 39 málverk í olíu og lit.

Margrét Reykdal opnaði málverkasýningu að Kjarvalsstöðum á laugardag. Á sýningunni eru 39 verk, 29 olíumálverk og 10 vatnslitamyndir.

Margrét stundaði í 5 ár nám í listasögu og málaralist við Statens kunstakademi og háskólann í Osló. Margrét hefur tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og í Noregi, en þetta er önnur einkasýning hennar.

Sýning Margrétar stendur yfir til 6. ágúst.

Öngþveiti í sólarlandaflugi

31/7 — Mikil ringulreið er ennþá í flugi yfir Vestur-Evrópu vegna þess að franskir flugumferðarstjórar fara sér hægt við vinnu, og hefur svo staðið yfir alla helgina. Franska flugstjórnarsvæðið er mikilvægt, því að í gegnum það liggja margar flugleiðir milli Norður-Evrópu og sólarlanda. Við það bættist að þessa helgi var óvenjumikið að gera í fluginu.

Í Lundúnum voru margir farþegar búnir að bíða á þriðja dag eftir flugi í dag; á Palma-flugvelli á Mallorca biðu 70 flugvélar eftir leyfi til að hefja sig til flugs í morgun og í Sviþjóð urðu miklar tafir á flugi til Mallorca. Á Palma-flugvelli var sagt að aðeins ein flugvél fengi að fara inn á franska flugstjórnarsvæðið í einu. Enn hafa flugumferðarstjórarnir ekkert látið uppi um það, hvenær þeir muni hætta aðgerðum sínum.

Mósambik:

Enn ein árás

31/7 — Mikil umferð ródesískra herflugvéla var í dag til landamæra Mósambiks, hvað þykir benda til þess að Ródesíuher sé enn að verki þar í landi. Herstjórnin sendi í gær frá sér stuttorða tilkynningu, þar sem segir að árás hafi verið gerð á bækistöðvar skæruliða ZANU, er lúta forustu Roberts Mugabe, í Mósambik. Þetta er fyrsta meiriháttar árás Ródesíuhers inn í Mósambik síðan í mars, er bráðabirgðastjórn hvítra manna og svartra tók við völdum í Ródesíu.

Í tilkynningu herstjórnarinnar segir að árásin sé gerð til að koma í veg fyrir innrásir skæruliða. Talsmaður samtaka séra Ndabaningi Sithole, eins blökkumannaleiðtoga þeirra er standa að bráðabirgðastjórninni, fordæmdi árásina í dag sem óráðlegt frumhlaup, og talsmaður annars blökkumannaleiðtoga í bráðabirgðastjórninni, Abels Muzorewa biskups, kvaðst ekki vita hvort biskupi hefði verið sagt að til stæði að gera árásina.

Loftbelgurinn:

Komst ekki alla leið

31/7 — Bretarnir tveir, sem reyndu að svífa yfir Atlantshafið í loftbelg, fengu hinar ágætustu viðtökur er þeir komu til heimalands síns í dag, enda þótt þeim tækist ekki að ná landi í Evrópu í belgnum.

Belgur þeirra seig í hafið um hundrað mílur vestur af strönd Frakklands í gær. Franskur togari tók fluggarpana um borð og flutti þá til hafnarinnar Concarneu á Bretaníuskaga (Bretagne).

Ævintýramenn þessir tveir, Donald Cameron og Christopher Davey, lögðu af stað frá Nýfundnalandi og voru fimm daga á svifi austur yfir hafið. Svifu þeir 2.015 sjómílur, og hefur aldrei verið svifið lengra í loftbelg. Ennþá hefur engum tekist að komast alla leið yfir Atlantshafið á þennan hátt, þrátt fyrir margar tilraunir, sem kostað hafa fimm menn lífið. Bandarikjamenn nokkrir eru nú lagðir upp frá Boston á öðrum belg og ætla að reyna að slá Bretunum við.



Sadat ásamt Mondale, varaforseta Bandaríkjanna — friðarumleitanir milli Ísraels og Egypta virðast í bráðina farnar út um þúfur.

Sadat veldur Bandaríkjamönnum vonbrigðum

31/7 — Bandaríkjastjórn lýsti í dag yfir sárum vonbrigðum út af þeirri ákvörðun Sadats Egyptaforseta, að hafna öllum beinum viðræðum við Ísrael nema því aðeins að Ísraelar samþykki að skila öllum hernumdum arabískum héruðum. Engu að síður er gert ráð fyrir því að Cyrus Vance utanríkisráðherra Bandaríkjanna fari síðar í vikunni til Kaíró og Jerúsalem til viðræðna við þarlenda ráðamenn, eins og fyrirhugað hafði verið.

Líbanon:

Hægrimenn stöðva stjórnarhermenn

31/7 — Líbanskir hægrimenn stöðvuðu í dag herflokka úr Líbanonsher, sem gerðu sig líklega til þess að fara inn á spildu þá við landamæri Ísraels, sem varðliðasveitir hægrimanna halda, en þeir njóta stuðnings Ísraels. Skutu hægrimenn nokkrum sprengikúlum að herflokkunum, er þeir nálguðust, og komu tálmunum upp á vegum, og létu herflokkarnir þá staðar numið.

Líbanska stjórnin sendi herflokkana suður samkvæmt samkomulagi við samtök Palestínumanna (PLO) og Sýrlandsstjórn. Var tilgangur stjórnarinnar með þessu að minna á, að hún teldi sig ráða landinu og gæti því sent herflokka á hvern stað innan landamæranna sem hún vildi. Einnig hefur verið fyrirhugað að líbanski herinn taki við gæslu í Suður-Líbanon af gæslusveitum Sameinuðu þjóðanna, sem þangað voru sendar eftir innrás Ísraela. — Atvikið í dag þykir enn ein áminningin um, hve veik líbanska stjórnin er og her hennar deigur.

Eþíópar sækja fram

Eritreumenn forðast stórorrustur

31/7 — Stjórnarhersveitir Eþíópíu sækja hratt fram í hálöndum Eritreu, þrátt fyrir miklar rigningar þar, hafa leyst úr umsátri héraðshöfuðborgina Barentú, sem eritreiskir sjálfstæðissinnar höfðu setið um í 18 mánuði, og tekið bæinn Dekamhare, um 30 kílómetra suður af Asmara, höfuðborg Eritreu. Umsáturshringur sjálfstæðissinna um Asmara var rofinn á föstudag, en þeir hafa setið um þá borg í 10 mánuði.

Talið er að sjálfstæðissinnar láti fremur undan síga heldur en að hætta á stórorrustur við stjórnarherinn, sem hefur meira af þungavopnum, enda er mannfall sagt lítið í liði Eritreumanna. Talið er að sjálfstæðissinnar muni nú einbeita sér að skæruárásum, eins og þeir hafa gert lengst af þeirra 17 ára, sem stríðið í Eritreu hefur staðið. Í fyrra tóku þeir hinsvegar að verulegu leyti upp staðbundinn vígvallahernað og sóttu að borgum.